Alþingi
Erindi nr. Þ 131/922
komudagur 2-3. 2005

UMFERÐAR RÁÐ
Borgartúni 30 150 Reykjavík
Sími 562 2000 Fax 562 7500
www.umferd.is

28. febrúar 2005
OHÞ/sj

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

**Varðar tillögu til þingsályktunar um vegagerð og veggjöld – 43. mál**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dagsetts 4. febrúar 2005, þar sem óskað er umsagnar Umferðarráðs um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Erindi þetta var tekið fyrir á stjórnarfundi í Umferðarráði í dag. Umferðarráð fagnar hverju því sem stuðlar að auknu umferðaröryggi hér á landi. Vel hönnuð jarðgöng, sem gerð eru samkvæmt ítrustu kröfum um öryggi þeirra sem um þau fara, auka umferðaröryggi. Sama á við um nýja vel hannaða og lagða vegi. Umferðarráði líst því vel á tillögu flutningsmanna um að samgönguráðherra verði falið að vinna að úttekt á kostum í vegagerð sem unnt yrði að fjármagna með veggjöldum. Að mati ráðsins eiga þó auknar fjárfestingar í vegagerð alla jafna að nýtast vegfarendum án sérstaks veggjalds. Á þann hátt er umferðaröryggi best tryggt.

Þessi afstaða Umferðarráðs tilkynnist hér með.

Óli H. Þórðarson

Óli H. Þórðarson
formaður